

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning	10. mars 2011	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	HB Grandi Akranes	Starfsleyfi, gildir til	01/02/2014
Heimilisfang	Bárugötu 8-10, Akranesi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-1149	Fulltrúar fyrirtækis	Guðmundur Hannesson, Almar Sigurjónsson
Isat nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.		
Starfsemi	Fiskimjölfraðleiðsla		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan hefur tekið við álíka magni af hráefni nú eins og allt árið í fyrra eða um 30 þúsund tonn og áttu von á meiri loðnu á yfirstandandi vertíð. Svo mikið hefur borist í land að geyma þurfti loðnuafskurð frá hrognavinnslu í einni af gömlu þróm verksmiðjunnar. Í fyrra tók verksmiðjan alls á móti rúmum 30 þúsund tonnum.

Helstu framkvæmdir og breytingar síðan í síðasta eftirliti eru þær að skorsteinar hafa verið einangraðir þannig að ekki er eins heitt og áður í verksmiðjunni þegar verið er að bræða. Einnig hefur hreinsun löndunarvatns verið aukin með nýrri Redox skilju við fleytikar.

Átak hefur verið gert í hreinlætismálum þannig er að nú eru mottur í bakka með sóthreinsandi vökva við allar dyr inn og út úr verksmiðjunni og aðgangsstýring er við dynnar þannig að óviðkomandi getur ekki komist inn í verksmiðjuna nema í fylgd starfsfólks.

Engar fráveitumælingar hafa verið gerðar á yfirstandandi vertíð en búið var að panta mælingar hjá verkfræðistofunni Eflu og gögn því til staðfestingar voru lögð fram í eftirlitinu og von var til þess að mælingarnar gætu átt sér stað áður en þessari loðnuvertíð lýkur.

Niðurstöður síðustu útblástursmælinganna bentu til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis í mælingunum. Endurtaka þarf því mælingarnar og var búið að hafa samband við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og panta nýjar mælingar þegar eftirlitið átti sér stað.

TVN gildi fyrir hráefni sem borist hafði verksmiðjunni í ár voru lögð fram í eftirlitinu og voru þau öll töluvert undir viðmiðunarmörkum. Samkomulag varð um að öll TVN gildi verði send til Umhverfisstofnunar að aflokinni yfirstandandi loðnuvertíðar.

Gengið var um verksmiðjuna og nánasta umhverfi í fylgd rekstraraðila að afloknum fundi og var allt mjög snyrtilegt bæði innan og utandyra.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Skila þarf frárennslismælingum og útblástursmælingum til Umhverfisstofnunar þegar þær berast rekstraraðilum.

Fráviki frá: Grein 4.2 í starfsleyfi

Reykjavík, 26/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.